

Námssvið leikskóla

Sjálfbærni og vísindi

Aðalnámskrá leikskóla

- Börn eiga að fá tækifæri til að vinna með og velta fyrir sér umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi og hvernig vistspor þeirra og nærsamfélag geta stuðlað að sjálfbærri þróun.
- Börn eiga að fá tækifæri til að velta fyrir sér hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni. Einnig margvíslegum auðlindum og nýtingu þeirra.
- Börn eiga að fá tækifæri til að vinna með upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga, stærðfræðilegum viðfangsefnum og möguleikum og takmörkunum tækninnar. Einnig að vinna með rými, fjarlægðir og áttir.
- Börn eiga að fá tækifæri til að vinna með eðli krafta, kynnast eiginleikum efna og lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra.

Í Skýjaborg:

- Tryggjum við barninu tíma til útiveru daglega.
- Kynnum og vinnum með nánasta umhverfi leikskólans og lærum að umgangast það af virðingu.
- Aukum við þekkingu barnsins á náttúrunni og því sem í henni býr.
- Kynnumst við fjölbreytileika náttúrunnar.
- Eflum við ábyrgðarkennd barnsins fyrir umhverfinu.
- Kynnum fyrir barninu hringrásir náttúrunnar og sjálfbærri þróun.
- Vinnum að markmiðum Grænfánaverkefnisins.
- Vinnum við verkefni jafnt inni sem úti.
- Vinnum með stærðfræði og tækni í daglegu starfi.

Frjáls hreyfing úti í öllum veðrum.



Ferðir í nánasta umhverfi



Þekking á náttúrunni



Eflum ábyrgðakennd gagnvart umhverfinu



Hringrásir náttúrunnar/ Sjálfbær þróun



Grænfánaskóli



Stærðfræði



Tilraunir



Upplýsingamiðlun

